

Alþingi
Erindi nr. P 143/712
komudagur 18.12.2013

18.12.2013

Á fundi umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar 4. desember sl. var lagt fram erindi dags. 25. nóvember sl. frá Umhverfis-og samgöngunefnd Alþingis þar sem óskað er umsagnar á frumvarpi til laga um náttúruvernd (brottfall laganna), 167. mál.
Umhverfisnefnd tók ekki afstöðu til erindisins.

Á fundi í bæjarstjórn 12. desember sl. var eftirfarandi bókað vegna umsagnarinnar:
Jóna Benediktsdóttir, Arna Lára Jónsdóttir og Sigurður Pétursson lögðu fram svohljóðandi bókun:

Undirritaðir bæjarfulltrúar Í-listans í Ísafjarðarbæ lýsa yfir vonbrigðum með að til standi að fella úr gildi nýlega samþykkt lög um náttúruvernd. Verði lögin felld úr gildi minnka til muna líkur á því að náttúra Íslands verði látin njóta vafa þegar til stendur að fara í framkvæmdir sem geta haft alvarleg óafturkræf áhrif á umhverfi og náttúru landsins. Það hlýtur að vera skylda sérhvers stjórnvalds að sjá til þess að aðgerðir sem snúast um nýtingu náttúruauðlinda séu sjálfbærar og minnki ekki möguleika framtíðar til að lifa af kostum landsins líkt og gert er á okkar dögum.?

Anna Guðrún Gylfadóttir
Byggingartæknifræðingur BSc
byggingarfulltrúi Ísafjarðarbæjar